

FUNDARGERÐ

375. fundur stjórnar Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni, var haldinn 25. maí 2016 kl. 10.15 í Stangarhyl 4, Reykjavík.

Mættir voru: Þórunn Sveinbjörnsdóttir, Brynjólfur Sigurðsson, Ellert B. Schram, Guðrún Árnadóttir, Hrafn Magnússon, Reynir Vilhjálmsson og Gísli Jafetsson sem ritaði fundargerð. Fjarverandi: Erna Indriðadóttir, Helgi Pétursson, Anna Þrúður Þorkelsdóttir og Ragnhildur G. Guðmundsdóttir.

Þetta gerðist:

Fundargerð síðasta fundar samþykkt að lokinni yfirferð.

1. Lóðin í Árskógum

Enn er beðið eftir skráningu lóðar og er hér sett inn síðustu samskipti starfsmanna borgarinnar sem FEB barst í morgun; *Lóðamálin eru ennþá í vinnslu hjá borginni, svona mál geta verið flókin og taka oft tíma, það er verið að stofna lóðir úr annari lóð.*

2. Árskógar félagsstarf og samningur

Undirritaður hefur verið samningur um aðkomu FEB að þjónustumiðstöðinni í Árskógum 4. Þessi samningur er nú hjá Velferðarsviði Rvkborgar og ráðgert er að gera ehv opinberlega úr samningnum og fyrirhuguðu samstarfi nú í júníbyrjun. Unnið með hverfamiðstöð Breiðholts og starfinu í Árskógum.

Rætt um flutninga og tilurð starfseminnar á tveim stöðum þ.e. Stangarhyl og í Árskógum.

3. 30 ára afmælið næsti fundur í júní

Umræða um næsta fund efni hans og fyrirhugaðan fund Gráa hersins. Sameiginlegur opin fundur Gráa og FEB er fyrirhugaður 9. júní. Þar yrði tvinnuð saman fyrirlestri og skemmtun.

4. Umræður frá síðasta fundi

Svör við fyrirspurnum Ernu frá síðasta fundi um störf, starfshlutfall starfsmanna var dreift á fundinum og fylgja fundargerð. Fækkun hefur verið í starfsmannafjölda FEB um einn starfsmann sem var í 80% starfi. Með aukinni starfssemi og auknum félagafjölda leggur formaður til að leitað verði eftir starfsmanni í um 60% starfshlutfall eða jafnvel hærra.

Rætt um „nýtingu“ starfsmanna og hvernig hugsanlega hægt væri að miðla starfskröftum eldri borgara. Upplýst var um samstarfsverkefni um vinnumöguleika á efri árum sem FEB hefur unnið að með N1 og Icelandair hótels og kynnt verður frekar á næstunni m.a. í Félagstíðindum, bls. 39.

Erindi – vangaveltur um af því að vera í LEB?

- í hverju liggur styrkurinn? – er hann mælanlegur, er hægt að lýsa honum? Hvað kemur frá LEB? Viðskiptalegt sjónarmið sem FEB ber skylda til að greina – hvað fær FEB í staðinn fyrir tæplega 6 milljóna króna greiðslu til LEB?

Í reikningum LEB er sérstaklega tekið eftir verulegri hækkun á greiðslu vegna ferðalaga.

5. Gögn vegna umræðu um fyrirhugaða breytinga á alm.tryggingalögum Dreift var útreikningi Sigurðar Grétarssonar, sérfræðings hjá TR, á lífeyrissjóðatekjum einstaklings sem hugsanlega mun verða ef þær breytingar sem er gert ráð fyrir á almannatryggingakerfinu taka á sig endanlega mynd.

6. Önnur mál

- * Byggingamál - því verði haldið saman sem félagið / starfsmenn leggja af mörkum til starfsins á vegum bygginganefndar. Samþykkt.
- * Umræða um framhald kjarnefndar og vænlegan formann nefndarinnar. Nokkur nöfn nefnd.

Fleira ekki teklð fyrir og fundi slitið kl. 12.20